

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Öskjuhlíð, Perlun.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 14. september 2017, breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar vegna lóðar Perlunnar nr. 1 við Varmahlíð. Í breytingunni felst m.a. að gera byggingarreit fyrir nýtt mannvirki norðan við Perluna, að mestu neðanjarðar, sem tengist núverandi byggingu og breyta staðsetningu á nýjum hitaveitutanki. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sléttuvegur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 14. september 2017, breytingu á deiliskipulagi Sléttuvegar, Hrafnistu. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum, fjölga hjúkrunarheimilissýmum, breyting á bílastæðafjölda og bílakjöllurum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Brautarholt 26 og 28.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 20. september 2017, breytingu á deiliskipulagi Skipholtsreits vegna lóðanna nr. 26 og 28 við Brautarholt. Í breytingunni felst m.a. að bætt er við takmörkuðum byggingarreit við norðurhlíðar Brautarholts 26 og 28 og austurhlíð Brautarholts 26, leyft verður að koma fyrir þaksvölum á 2. hæð Brautarholts 28 með tengingu við bæði húsin, breyta efri hæðum hússins í íbúðir að hámarki 30 eða gistirými/hótel og á jarðhæðum verði verslunar-, þjónustu- og geymslurými. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Naustareitur - vesturhluti.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 18. október 2017, breytingu á deiliskipulagi Naustareits vegna lóða nr. 10-14 við Tryggvagötu og 14-18 við Vesturgötu. Í breytingunni felst leiðrétting og lagfæring á lóðarmörkum og heimild til þess að koma fyrir flóttaleið á Tryggvagötu 10. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 23. október 2017.

Björn Axelsson.